

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulaginu Hafnarfjörður – miðbær, Strandgata 26-30.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 11. desember 2007 breytingu á deiliskipulaginu Hafnarfjörður – miðbær, Strandgata 26-30 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðir nr. 26, 28 og 30 við Strandgötu verða sameinaðar og sú lóð stækkuð til vesturs. Í stað fjögurra hæða íbúða- og þjónustuhúss má reisa allt að 7 hæða nýbyggingu þar sem 4.-7. hæð eru inndregnar frá götu og þeim skipt í 2 íbúðaturn. Á 1. og 2. hæð verður verslun og þjónusta en íbúðir og þjónusta á 3. hæð. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 28. janúar 2008,*

**Málfríður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2008